

Nd. 67. Frumvarp til laga [60. mál]
um endurálagningu útsvars og tekjuskatts einstaklinga árið 1964.

Flm.: Lúðvík Jósefsson, Geir Gunnarsson, Einar Olgeirsson.

1. gr.

Ríkisstjórnin skal hlutast til um, að endurálagning fari fram á útsvari og tekjuskatti ársins 1964 samkvæmt reglum þeim, sem fyrir er mælt í lögum þessum.

2. gr.

Endurálagning gjalda samkv. 1. gr. skal fara fram þannig:

Endurreikna skal álögð útsvör og tekjuskatt einstaklinga árið 1964 á þann hátt, að lagðir séu til grundvallar útsvars- og tekjuskattsstigar árið 1960. Breyta skal síðan tekjutölum þeirra útsvars- og tekjuskattsstiga, sem þá giltu, í réttu hlutfalli við breytingu á meðalvisitölu vöru og þjónustu, sem varð frá árinu 1959 til 1963.

Umreikna skal á sama hátt persónufrádrátt og annan heimilaðan frádrátt, sem veittur var 1960, til samræmis við breytingu visitölu vöru og þjónustu frá 1959 til 1963.

Nú kemur í ljós, að gjöld, sem á voru lögð fyrir á árinu 1964, hafa í einhverju tilfalli verið lægri en samkvæmt endurálagningu eftir þessari grein, og skal þá fyrri álagningin gilda.

3. gr.

Sá mismunur, sem fram kemur á álagningu útsvara samkv. reglum 2. gr. og á álögðum útsvörum einstaklinga árið 1964, skal greiðast bæjar- og sveitarfélögum

úr ríkissjóði, þannig að þau fái útsvörin greidd með venjulegum gjalddögum. Samsvarendi mismunur á tekjuskatti falli niður

4. gr.

Ríkisstjórnin getur sett nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara í reglugerð.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Fá dæmi munu vera til um jafnalmenna og mikla gremju út af álagningu opinberra gjalda og upp reis á s. l. sumri meðal launafólks í landinu, eftir að kunnugt varð um útsvör og tekju- og eignarskatta þessa árs.

Miklar umræður urðu strax um hin óvenjulega háu gjöld, sem á höfðu verið lögð. Fjöldmenn félagasamtök mótmæltu hinum háu álögum og kröfðust þess, að ríkisstjórnin gerði þegar í stað ráðstafanir til lækkunar og til þess að gera skiptingu gjaldanna réttlátari á milli hinna einstöku skattgreiðenda.

Í hópi þeirra, sem slíkar samþykktir gerðu, voru m. a. stærstu launþegasamtökin í landinu, eins og Alþýðusamband Íslands og Bandalag starfsmanna ríkis og bæja. Blöð allra stjórnsmálaflokka í landinu tóku þátt í umræðunum um þessi mál, og fljótlega kom að því, að öll stóðu blöð þessi saman um þann dóm, að óhjákvæmilegt væri að breyta gildandi útsvars- og skattalögum, þar sem augljóst væri, að gjöld almennra launþega samkvæmt þeim væru orðin allt of há. Jafnvel ríkisstjórnin sjálf lýsti yfir svipaðri skoðun og lofaði að heita sér fyrir endurskoðun laganna. Þessi afstaða ríkisstjórnarinnar og stuðningsblaða hennar var í sjálfu sér mjög athyglisverð, þegar það er haft í huga, að nokkrum mánuðum áður en útsvör og skattar voru á lagðir á þessu sumri, höfðu farið fram breytingar á útsvars- og skattalögum á Alþingi og ríkisstjórnin og hennar stuðningslið haldið því fram, að verið væri að stórlækka þessi gjöld á almennum launatekjum. Þá stóð ríkisstjórnin fast gegn öllum tillögum, sem fluttar voru af stjórnarandstöðunni um leiðréttingar á útsvars- og skattalögum.

Það voru tvær ástæður, sem mestu réðu um þá óánægju, sem upp kom út af sköttunum s. l. sumar.

Í fyrsta lagi var augljóst, að opinber gjöld flestra launþega höfðu stórhækkað frá s. l. ári og voru nú yfirleitt hærrí hundraðshluti af kaupum en áður hafði verið. Gjöldin, sem lofað var að skyldu lækka, höfðu þvert á móti stórhækkað og voru nú í mörgum tilfellum orðin óbærileg með öllu.

Í öðru lagi hafði nú komið fram skýrar en oft áður, hve óréttlátlega útsvör og tekjuskattar dreifast á skattþegnana. Nú blasti við sú staðreynd, að flestir launþegar áttu að greiða háa skatta, enda hafði verið þannig um hnútana búið, að nær allar tekjur þeirra hlytu að koma fram til skattlagningar. Hins vegar var ekki um að villast, að flestir þeir, sem einhvern rekstur höfðu með höndum eða voru miklir ráðamenn í stórfyrirtækjum eða höfðu mikil umsvif í kaupum og sölu fasteigna, sluppu ótrúlega léttilega undan skattgreiðslum til bæjar og ríkis.

Það vandamál, sem við er að glíma í skattamálunum, er í rauninni tvíþætt. Annars vegar er óhjákvæmilegt, að gerðar séu bráðabirgðarástafanir vegna þeirra gjalda, sem álögð voru s. l. sumar og augljóst er að margir gjaldendur geta ekki risið undir að greiða á tilskildum tíma. Hins vegar liggur svo fyrir að breyta útsvars- og tekju- og eignarskattslögum þannig, að gjöld á launafólki verði hófleg og að tryggt verði, að allir skattþegnar í landinu sitji við sama borð varðandi skattskyldu.

Frumvarp það, sem hér er flutt, miðar einvörðungu að því, að leysa til bráðabirgða þann vanda, sem upp kom við álagningu útsvars og skatta á s. l. sumri Sú leið, sem gert er ráð fyrir samkv. frumvarpinu að farin verði til þess að lækka hin

óhóflega háu gjöld einstaklinga, sem lögð voru á s. l. sumar, er, að öll útsvör einstaklinga og allur tekjuskattur þeirra verði umreiknaður og skatt- og útsvarsstigar þeir, sem gildandi voru árið 1960, verði lagðir til grundvallar, en tekjutölum þeirra skatt- og útsvarsstiga breytt samkvæmt breytingu á meðalvísitölu vöru og þjónustu frá 1959 til 1963. Þá er einnig gert ráð fyrir, að persónufrádráttur og annar frádráttur, sem heimilaður var árið 1960 við útsvars- og skattálagningu, verði einnig umreiknaður á sama hátt.

Verði þessi regla viðhöfð við ákvörðun útsvars og tekjuskatts einstaklinga á þessu ári, ættu gjöldin að verða hlutfallslega hin sömu nú og þau voru árið 1960, þegar tillit hefur verið tekið til tekjubreytinga og verðlagsbreytinga.

Árið 1960 var gerð allveruleg breyting á skattalögunum og þá að því stefnt samkvæmt yfirlýsingum ríkisstjórnarinnar, að almennar launatekjur yrðu tekjuskattsfrjálsar. Á því ári var skattheimtu ríkisins einnig breytt í ýmsum grundvallaratriðum. Það sýnist því ekki óeðlilegt að leggja til grundvallar við skattlagningu nú þær skattareglur, sem settar voru 1960, og miða við það, að beinu skattarnir hækki ekki frá því, sem þá var, nema í hlutfalli við hækkaðar tekjur umfram hækkaða dýrtíð. Verði endurálagning útsvars og tekjuskatts þessa árs gerð samkvæmt ákvæðum þessa frumvarps, yrði komið í veg fyrir, að gjöld þessi hækkuðu frá þeim grundvelli, sem gilti 1960, vegna dýrtíðarinnar, sem síðan hefur átt sér stað.

Umreikningur gjaldanna á þennan hátt mundi að sjálfsögðu lækka bæði útsvar og tekjuskatt einstaklinga mjög verulega í mörgum tilfellum. Hér skulu nefnd dæmi, sem sýna þessa breytingu:

Útsvar og tekjuskattur samkv. gildandi lögum 1964.

Tekjur:		Einhleypur:	Hjón:	Hjón + 1 barn:	Hjón + 2 börn:	Hjón + 3 börn:
65000	Útsvar	7280	5460	4650	3640	2730
	Tekjusk.	0	0	0	0	0
90000	Útsvar	14105	11375	10010	8645	7280
	Tekjusk.	2525	0	0	0	0
120000	Útsvar	22295	19565	18200	16835	15470
	Tekjusk.	8585	2929	1616	303	0
180000	Útsvar	38675	35945	34580	33215	31850
	Tekjusk.	26765	18887	14948	11009	7070
220000	Útsvar	49595	46865	45500	44135	42770
	Tekjusk.	38885	31007	27068	23129	19190

Útsvar er reiknað skv. útsvarsstiga Reykjavíkurborgar 1964 ÷ 9% lækkun, eins og framtalsnefnd Reykjavíkur lækkaði stigann við álagningu. Útsvar fyrra árs er ekki dregið frá tekjum.

Útsvar og tekjuskattur samkv. frumvarpinu.

Tekjur:		Einhleypur:	Hjón:	Hjón + 1 barn:	Hjón + 2 börn:	Hjón + 3 börn:
65000	Útsvar	5825	4702	3299	1756	18
	Tekjusk.	0	0	0	0	0
90000	Útsvar	11076	9918	8551	7008	5321
	Tekjusk.	700	0	0	0	0
120000	Útsvar	17981	16858	15455	13912	12225
	Tekjusk.	3650	680	0	0	0
180000	Útsvar	33118	31995	30592	29049	27362
	Tekjusk.	13950	7990	5710	3570	2050
220000	Útsvar	44194	43071	41668	40125	38438
	Tekjusk.	24200	16250	12830	9790	7150

Persónufrádr. til tekjusk.:	Einstaklingur	kr. 50000	+	52%	=	76000
	Hjón	— 70000	+	52%	=	106400
	Barn	— 10000	+	52%	=	15200
Fjölskyldufrádr. frá útsvari fyrir konu		kr. 800	+	52%	=	1216
—	—	—	—	+	1 b.	— 1800 + 52% = 2736
—	—	—	—	+	2 b.	— 2900 + 52% = 4408
—	—	—	—	+	3 b.	— 4100 + 52% = 6232

Eftir að útsvar hefur verið fundið út, er það lækkað um 7.7%, sbr. lækkun Njn. 1960.

Samkvæmt frumv. er gert ráð fyrir, að rikissjóður verði að taka á sig þann mismun, sem fram kemur við útreikning gjaldanna á þennan hátt. Rikissjóður getur auðveldlega tekið þennan mismun á sig, þar sem vitað er, að hann hefur haft verulegan greiðsluafgang á undanförunum árum.